

Sþ.

8. Tillaga til þingsályktunar

um ógildingu skömmtunarreglna, er til framkvæmda komu frá og með 1. okt. 1947, og um að setja nýjar reglur í þeirra stað.

Frá Katrínu Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að nema nú þegar úr gildi skömmtunarreglur þær á lífsnauðsynjum og öðrum vörum, er komu til framkvæmda frá og með 1. okt. s. l., en jafnframt geri ríkisstjórnin nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að settar verði aðrar skömmtunarreglur, er viðunandi séu, þannig að fullt tillit sé tekið til þarfa allra þeirra, er skömmtuninni eiga að hlíta. Skal þess sérstaklega gætt, að skömmtunarkerfið sé sem hagkvæmast í framkvæmd og að hagur þeirra, er stofna vilja ný heimili, sé ekki fyrir borð borinn, að erfiðismenn, barnshafandi konur, sjúklingar, börn og gamalmenni eigi kost á aukaskammti eftir þörfum. Þá hlutist ríkisstjórnin og til um, að jafnan séu fáanlegar allar þær vörur, er skömmtunin nær til.

Greinargerð.

Enda þótt allt of fáum sé enn nægilega ljóst, hve þörfin á meiri jöfnuði í skiptingu lífsnauðsynja er brýn og aðkallandi, fer þeim þó sífjölgaði, er viðurkenna þá sanngirniskröfu. En flestum hugsandi mönnum hafa atburðir hinna síðustu tíma fært heim sanninn um, að vöruskömmtun er ekki aðeins mannúðleg og réttlæt看leg varúðarráðstöfun, heldur og óumflýjanleg nauðsyn, eins og hag þjóðarinnar er nú komið. Það er því engin ástæða til að ætla annað en að fyrirmælum um mjög víðtæka skömmtun hefði verið tekið af almenningi með stillingu og jafnaðargeði og sennilega með feginleik af flestra hálfu líka, ef rétt hefði verið á haldið, -- skömmtunarkerfi, samið að yfirsýn beztu og fróðustu manna, tekið fyrirvaralaust í notkun. En því miður fer því víðs fjarri, að svo vel hafi tekizt um skömmtunarkerfi það, er til framkvæmda kom nú um mánaðamótin síðustu. Ekki mun ég fjölyrða hér um þá óafsakanlegu undirbúningsaðferð af hálfu þeirra, sem um mál þessi fjölluðu, að láta seytila út orðasveim um yfirvofandi skömmtun, orðróm, er gripinn var á lofti af aðstandendum ríkisstjórnarinnar, sem svo æstu upp áfergju síngjarnra einstaklingshyggjumanna og tókst með ísmeygilegri áleitni einnig að villa um marga þjóðholla menn. Ástæða væri frekar til að víkja nokkuð að drættinum, sem varð á framkvæmd vöruskömmtunarinnar, en það leiði ég þó hjá mér, þar sem hin eina réttlæt看lega skýring hans fær með engu móti staðizt, en hún er sú, að tímatöf hafi orðið af nákvæmri rannsókn á vörubirgðum og útvegum þeirra nauðsynja, sem gengnar voru til þurrðar, athugun á mismunandi þörf hinna ýmsu þjóðfélagsþegna, svo og samanburður við víðtæka reynslu annarra þjóða, sem fullkomna vöruskömmtun hafa haft um margra ára bil, og loks samræming úthlutunaraðferða þeirra við þarfir Íslendinga og þjóðarhætti. Engu þessara atriða er til að dreifa. Hinn fátánlegi skömmtunarseðill, sem samkvæmt áprentun tekur gildi 1. október 1947, ber þess ljósan vott, að hvorki hefur íhygli né hagsýni átt hlut að samsetningu hans. Þar örlar varla á heilbrigðri skynsemi né nokkurri þekkingu erlendrar reynslu eða íslenzkra erfðavenja, lífnaðar-, atvinnu- og staðháttá. Handahófið eitt virðist hafa ráðið mestu um fyrirkomulag skömmtunarinnar, og svo er amböguhátturinn ótrúlega mikill, að að manni hvarflar, hvort hér sé ekki vitandi vits til verks gengið, og sé svo, þá hefur vissulega tekizt að ná settu marki, því kerfið hefur þegar sýnt sig að vera ónothæft, auk þess sem ósanngirnin, er í því felst í garð ýmissa þjóðfélagsþegna, er svo mikil, að óviðunandi er með öllu. Má í því sambandi benda á benzínskömmtunina, sem óhjákvæmilega rýrir atvinnumöguleika bílstjóra á vöru- og leigubilum, en fyrirmunar læknum í víðáttumiklum héruðum og bæjum að sinna sjúklingum sínum sem skyldi, meðan benzíni er eytt

í einkabíla til smásnatts, skemmtiaksturs og óþurftarerils innan bæjar og utan. Hvort tveggja þarf leiðréttingar við, eins og raunar flest skömmtunarákvæðin. Klaufaháttur fyrirkomulagsins er ef til vill augljósastur, er að hinum ódeilanlega stofnauka nr. 13 kemur, sem heimilar innkaup karla á alfatnaði eða yfirhöfn, en kvenna á tveim kjólum eða kápu, er kaupast verður í senn á sama stað. Ólíkt hagkvæmara væri öllum, er í hlut eiga, að hafa þann stofnauka í fleiri reitum, og mætti svo skipta gildi reitanna niður á þann veg, að þeir allir til samans heimiluðu kaup áðurgreinds fatnaðar, en ella mætti fá fyrir hvern reit um sig færri eða fleiri flíkur eða fatahluta (pils, buxur, peysur, vesti, jakka, blúsur o. s. frv.) og á þann veg, að tekið væri tillit til vörugæða og útheimtu þau, er veigameiri eru, fleiri reiti, með þeirri undantekningu þó, að fatnaður unninn úr íslenzku efni sé ávallt auðfengnari en hinn, sem inn er fluttur, ef þeirri fjarstæðu verður þá framfylgt að tefja sölu íslenzkra ullarafurða innanlands. Ég hef nefnt þetta dæmi um stofnauka nr. 13 til að sýna, að auðveldlega má færa skömmtunina í heppilegra horf, jafnvel þótt núverandi úthlutunarmagn yrði ekki aukið, sem þó er óhjákvæmilegt, að gert sé í þeim tilfellum, er innkaupaheimildin er bersýnilega of lág, en svo geta aðstæður manna verið ólíkar, að einum nægi ekki það, sem öðrum er ofrausn, og þer vitanlega að taka fullt tillit til slíks. Þannig mun t. d. allur reitafjöldi B-liðsins hrökkva þeim skammt, er koma vilja upp nýju heimili eða undirbúa aðkomu nýs þjóðfélagsþegns. Þegar svo stendur á, verður að krefjast ákveðinnar aukageimildar, sem veitt sé undandrátta- og skriffinnskulaust. Svipuðu máli gegnir um hlífðarflikur fyrir þá, sem fatafreka atvinnu stunda, eða börn á leikaldri. Yfirleitt má segja, að B-liður skömmtunarkerfisins sé hvort tveggja í senn of víðtækur, en þó svo naumur, að innkaupaheimild sú, er hann hefur að geyma, kemur þeim ekki að notum, sem raunverulega þurfa hennar við, og gjalda þeir þar þeirra, ef til vill, sem of seinir urðu fyrir til að fylgja ábendingum frá æðri stöðum um hamstur, en báru sig samt eftir þjörginni og skömmtuðu sér úttektina sjálfir í september. En jafnvel þótt innkaupaheimild B-reitanna og M-flokksins raunar líka (hreinlætisvörur, nánasarlega naunar) væri hæfilega há, kæmi það neytendum að litlum notum, þegar varan er ófáanleg, en svo hefur verið um alllangt skeið, bæði að því er áhrærir ýmiss konar nauðsynjar (sápa, þvottaefni, rúmfatnaður, ungbarnaföt, barnasokkar og skór og ótal margt fleira), sem mannlegum hömstrurum verður ekki einum um kennt, heldur hinum afglapalega innflutningi, sem undanfarið hefur verið einna áþekkastur því, er aflasæll en útúrdrukkinn maður ráfar á lokadaginn milli verzlana og kaupir upp aftur og aftur alls konar óþarfa, leikföng, skran og skartgrip, en gleymir hinu, sem heimili hans vantar og má ekki án vera. Um innflutninginn mun ég annars ekki orðlengja að sinni, en vil ekki láta hjá líða að áréttu skyldu ríkisvaldsins til að sjá þjóðinni fyrir þurftarvörum og annast um réttláta skiptingu þeirra, um leið og vakin er athygli á hinni miklu slysaþættu, sem hlýtur að fylgja sápuþerð úr vítissóða og því um líku í heimahúsum, að ótöldum þeim hörundskvillum, sem af illa þvegnum þvotti leiðir, og ómenningunni, sem óhreinlæti er samfara. Þá verður og ekki hjá því komizt að benda á, að kornvöruskammtur þeirra, er erfiðisvinnu stunda, verður að aukast allverulega. Kornvöruskammturinn er í naumasta lagi, um 163 grömm á dag, en það nægir þeim einum, er lítið hafa fyrir. Auk þess er fyrirkomulag reitanna þannig, að meiri og minni innkaupaheimild fer í súginn þegar t. d. brauð eru keypt. Til blóðmørs- og lifrarpylsugerðar í heimahúsum nægir hinn skammtaði mjölmatur alls ekki, og er illa farið, ef slíkt kjarneldi hverfur af matborði þjóðarinnar, því engum vafa er það undirorpið, að súrt slátur hefur átt drjúgan þátt í að viðhalda lífi og heilsu Íslendinga á öldum áður, og mjög misráðið væri að kasta slíkri heilsugjöf á glæ. Að lokum vil ég benda á nauðsyn þess, að mjólk og feitmeti sé skammtað svo og nýir ávextir, ef ríkisstjórnin skyldi taka til greina þingsályktun þá um innflutning þeirra, sem samþykkt var hér á Alþingi í fyrra.